

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 13. maí 2026.

Mál nr. E-3767/2025:

**Baldur Ragnarsson,**

**Gunnar Benediktsson,**

**Snæbjörn Ragnarsson,**

**Björgvin Sigurðsson,**

**Jón Geir Jóhannsson, og**

**Þráinn Árni Baldvinsson**

*(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)*

**gegn**

**Öldu Music ehf.**

*(Eldjárn Arnason lögmaður)*

## Dómur

*Málsmeðferð og dómkröfur aðila*

- Mál þetta, sem var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 16. apríl 2026, var höfðað 19. júní 2025, af Baldri Ragnarssyni, [...], Gunnari Benediktssyni, [...], Snæbirni Ragnarssyni, [...], Björgvin Sigurðssyni, [...], Jóni Geir Jóhannssyni, [...], og Þráni Árna Baldvinssyni, [...]. gegn Öldu Music ehf., Eyjarlóð 7, 101 Reykjavík.
- Stefnendur krefjast þess í fyrsta lagi að viðurkenndur verði með dómi óskiptur réttur stefnenda til útgáfu hljómplötunnar Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst útgefinni árið 2013. Í öðru lagi er þess krafist að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnenda, hvers um sig, til skaðabóta úr hendi stefnda vegna eintakagerðar og sölu sömu hljómplötu vegna útgáfu og sölu eintaka af hljómplötunni eftir 1. janúar 2019. Í þriðja lagi er þess krafist að stefnendum verði hverjum um sig dæmdar miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur, með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 26. júní 2025 til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefjast stefnendur óskipt greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst þess sýknu af öllum kröfum stefnenda, auk málskostnaðar.

4. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi Þráinn Árni Baldvinsson aðilaskýrslu. Einnig gáfu skýrslu vitnin Haraldur V. Sveinbjörnsson, Eiður Arnarsson og Halldór Baldvinsson. Vísað er eða vitnað til framburða þeirra síðar í dóminum að því marki sem þörf er talin á vegna úrlausnar málsins.

### I. Helstu málsatvik

5. Stefnendur eru allir meðlimir hljómsveitarinnar Skálmaldar sem var stofnuð árið 2009. Árið 2013 hélt hljómsveitin þrenna tónleika í Hörpu tónlistarhúsi ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, þar sem verk hljómsveitarinnar Skálmaldar voru leikin. Tónleikarnir fóru fram 28., 29. og 30. nóvember þetta ár en tónleikarnir 29. nóvember voru teknir upp bæði í hljóði og mynd.
6. Upptökurnar voru gefnar út af útgáfufyrirtækinu Senu ehf., á tvöföldum geisladiski sem ber heitið *Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands*. Um er að ræða annars vegar geisladisk með hljóðupptökum og hins vegar DVD disk (mynddisk) sem geymir bæði hljóð- og myndupptöku. Eintak verksins (hér eftir er til einföldunar einnig vísað til þessarar tilteknu útgáfu sem geisladisks eða tvöfalds geisladisks) er meðal gagna málsins. Það var gefið út 18. desember 2013 og seldist í mörg þúsund eintökum en nákvæmar upplýsingar um sölu á þeirri útgáfu verksins liggja annars ekki fyrir í málinu. Árið 2016 fékk það plátínuplötu en slík verðlaun eru veitt þegar sala fer yfir 7000 eintök. Á tónleikunum komu einnig fram Karlakór Reykjavíkur, Hymnodia og krakkar úr Kársnesskóla.
7. Samkvæmt því sem skráð er í bækling með geisladisknum, þar sem fram koma upplýsingar vegna tónleikanna og myndir frá þeim, er Haraldur V. Sveinbjörnsson titlaður fyrir sinfónískum útsetningum. Auk þess er hann skráður höfundur lagsins *Innrás*, ásamt Arnþóri Þórðarsyni. Þá er lagið *Heima* skráð eftir höfundinn „Gunnar Ben“ en ætla má að þar sé um að ræða stefnanda Gunnar Benediktsson. Að öðru leyti er lagahöfundur tilgreindur „Skálmöld“ og höfundur allra texta stefnandi Snæbjörn Ragnarsson, einn meðlima hljómsveitarinnar.
8. Óumdeilt er að útgáfuréttur að hljómlaikunum var í upphafi veittur Senu eða annars dótturfélagi þess félags en nánari atriði þar að lútandi hafa ekki sætt ágreiningi milli aðila og teljast ekki hafa sérstaka þýðingu. Einnig er óumdeilt að Sena fjármagnaði upptökur á tónleikunum og framleiðslu þeirra, eins og nánar kemur fram síðar.
9. Jafnframt er óumdeilt að Sena gaf út hljómplötu stefnanda, *Börn Loka*, um ári fyrir tónleikana í Hörpu eða í október 2012. Mun útgáfuréttur að *Börnum Loka* hafa verið með

þeim hætti að Sena fór með útgáfuréttinn á Íslandi en erlent útgáfufyrirtæki, *Napalm Records*, annaðist útgáfu plötunnar erlendis. Á meðal gagna málsins eru óundirrituð drög að samkomulagi að plötusamningi, með yfirskriftinni „Helstu atriði útgáfusamnings milli Senu ehf. og Skálmaldar hér eftir nefndur Flytjandi“. Drögin hafa dagsetninguna 16.2.2012 og gera ráð fyrir undirritunum fyrir hönd Senu ehf. og „Flytjanda“. Í fylgiskjali með þeim er tafla með sundurliðuðum kostnaði vegna gerðar og útgáfu hljómplötu. Ekki hefur sætt sérstökum ágreiningi milli aðila að þetta skjal hafi verið útbúið í aðdraganda upptöku á plötunni *Börnum Loka* og að Sena hafi í reynd gefið út þá plötu.

10. Fram kemur í stefnu að hljóðupptökur frá tónleikunum *Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands* hafi verið endurútgefnar fjórum sinnum í kjölfar upphaflegu útgáfunnar árið 2013, í öllum tilvikum sem hljómplata á vínýl-formi í sérstöku eða takmörkuðu upplagi (e. *Limited Edition*). Árið 2016 hafi hún verið gefin út á Íslandi af Senu, árið 2017 hafi það verið gefið út í tvígang í Þýskalandi af áðurnefndu *Napalm Records* og árið 2023 á Íslandi af stefnda en þar mun hafa verið um að ræða sérstaka afmælisútgáfu hljómplötunnar í tilefni af því að áratugur var liðinn frá tónleikunum í Hörpu. Þessi saga útgáfu hljóðupptaka frá tónleikunum virðist óumdeild milli aðila og hafa annars ekki aðrar upplýsingar komið fram í málinu um hana.
11. Í málinu lagði stefndi fram yfirlýsingu Jóns Diðriks Jónssonar, stjórnarformanns Senu, dags. 3. september 2025, þar sem segir að árið 2016 hafi stefndi, Alda Music ehf., keypt allan hluta reksturs Senu ehf. og dótturfélaga þess, sem tengdust tónlist, þar á meðal öll réttindi sem félagið hafði eignast til útgáfu á tónlist. Meðal þessara réttinda hafi verið réttur til útgáfu á hljóðupptökum tónleikum Skálmaldar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 29. nóvember 2013. Í yfirlýsingunni er staðhæft að Sena hafi gert útgáfusamninga við „aðalflytjendur“ á tónleikunum, þ.e. Skálmöld og sinfóníuhljómsveitina, og fylgi þeir með yfirlýsingunni. Síðan segir: „Því miður hefur ekki fundist eintak af undirrituðum útgáfusamningi við Skálmöld en hljómsveitinni var reglulega sent uppgjör í samræmi við hjálagðan samning“.
12. Í málinu liggja fyrir afrit samninga Senu sem áðurnefnd yfirlýsing vísar til, þ.e. annars vegar undirritaðs samnings við Sinfóníuhljómsveit Íslands 9. desember 2013 og hins vegar óundirritaðs samnings eða samningsdraga við Skálmöld. Síðarnefnda skjalið varðar samkvæmt efni sínu og upphafsákvæði upptöku á breiðskífunum *Börnum Loka*, sem komið hafi út haustið 2012, og *Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands*, sem komið hafi út 18. desember 2013. Það ber með sér dagsetninguna 2. janúar 2014 og að gert hafi

verið ráð fyrir undirritun Kristins Sævars Thorarensen, sem mun á þeim tíma hafa verið umboðsmaður Skálmaldar, og Snæbjörns Ragnarssonar f.h. Skálmaldar en Eiðs Arnarssonar f.h. Senu. Með því eru einnig tvö fylgiskjöl sem hafa að geyma töflur með sundurliðuðum útgáfukostnaði, samkvæmt yfirskriftum beggja skjalanna annars vegar vegna „Skálmöld – Börn Loka“ og hins vegar vegna „Skálmöld og Sinfó“. Nánar er fjallað um þessi gögn síðar í dóminum.

13. Samkvæmt framangreindu framseldi Sena ehf. árið 2016 til stefnda safn réttinda sinna af fyrrnefndum toga. Í því sambandi er því haldið fram í stefnu að stefnendum hafi ekki verið gert kunnugt um þá ráðstöfun og þeir á engan hátt hafðir með í ráðum. Hvað sem þessu líður er ljóst af málatilbúnaði aðila og framlögðum gögnum að frá þessum tíma hefur stefndi, að minnsta kosti í verki og á ofangreindum grundvelli, farið með og sinnt umsýslu vegna útgáfuréttar að hljóðupptökum frá tónleikunum í Hörpu.
14. Óumdeilt er að félagið Skálmöld sf., sem er á vegum stefnenda eins og nánar greinir hér á eftir, hefur frá árinu 2014 fengið reglulegar höfundaréttargreiðslur vegna verksins *Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands*, fyrst frá Senu og síðar stefnda eftir áður nefnt framsal milli þeirra. Í málinu liggja fyrir sundurliðuð yfirlit og uppgjör slíkra greiðslna sem stefndi lagði fram og taka þau yfir tímabilið frá 1. apríl 2014 til 30. júní 2025. Gögnin varða einnig höfundaréttargreiðslur vegna plötunnar *Barna Loka*. Flest yfirlitin, þ.e. að undanskildum yfirlitum frá og með árinu 2023 þar sem útlit þeirra og uppsetning hefur tekið nokkurri breytingu, eru stíluð á Skálmöld sf. á tilgreindu heimilisfangi í Reykjavík. Fram til ársins 2016 bera gögnin með sér að stafa frá Senu, þ.e. samkvæmt bréfhaus og efni yfirlitanna, en frá árinu 2017 eru gögnin annað hvort ekki með bréfhaus eða bera með sér að stafa frá stefnda. Að meginstefnu þessi gögn með sér upplýsingar um að höfundaréttargreiðslur hafi verið sundurliðaðar og greiddar út tvisvar sinnum á ári og um það bil á hálfis árs fresti. Sjá má á þessum yfirlitum að greiðslur hafa tekið til sölu á geisladisknum Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands sem slíkum auk rafrænnar sölu eða notkunar tónlistarinnar, þ.m.t. niðurhals og streymis, sem og áður nefndrar síðari útgáfu hljóðupptaka frá tónleikunum í Hörpu á vinylplötum á vegum Senu.
15. Í málinu liggur fyrir yfirlit um gildandi skráningu félagsins Skálmaldar sf. dagsett 20. ágúst 2025. Í yfirlitinu kemur fram að samkvæmt fundi 3. júní 2011, sem jafnframt hafi verið stofndagsetning félagsins, sé stjórn þess skipuð þeim sex einstaklingum sem eru stefnendur í þessu máli og jafnframt meðlimir hljómsveitarinnar Skálmaldar. Önnur gögn liggja ekki fyrir í málinu um skipulag þessa félags eða starfsemi þess.

16. Á árinu 2023, í tengslum við áðurnefnda afmælisútgáfu á hljómplötu með hljóðupptökum af tónleikunum, munu stefnendur hafa spurst fyrir hjá stefnda um tilhögun útgáfuréttar vegna þeirra og óskað eftir að sjá skriflegan útgáfusamning þar um. Fram er komið í málinu, eins og m.a. segir í áðurnefndri yfirlýsingu stjórnarformanns Senu 3. september 2025, að ekki hafi fundist hjá stefnda undirritaður útgáfusamningur milli aðila. Í kjölfarið munu viðræður eða samskipti hafa átt sér stað milli fulltrúa aðila í tilefni af þeirri stöðu. Samkomulag mun ekki hafa tekist milli aðila í þeim viðræðum. Um þær hafa annars engin gögn komið fram í málinu en að nokkru leyti upplýsingar í skýrslutökum fyrir dómi.
17. Með bréfi lögmanns stefnenda til stefnda 29. apríl 2024 var því lýst yfir að stefnendur teldu að sá útgáfuréttur sem samið hefði verið um á sínum tíma vegna hljómplötunnar Skálmöld og Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þ.e. til Senu eins og áður var lýst, væri ekki lengur í gildi. Því færu stefnendur sem höfundar verksins með útgáfuréttinn, sem væri hluti höfundaréttar þeirra. Afstöðu stefnenda var annars nánar lýst í bréfinu, með ámóta hætti og málatilbúnaði þeirra í þessu máli. Þess var krafist að viðurkennt yrði og staðfest af stefnda að útgáfurétturinn væri aftur horfinn til stefnenda en ella skorað á stefnda á sýna fram á að félagið nyti útgáfuréttar að verkinu og leggja þá fram gögn því til staðfestingar. Veittur var 14 daga frestur til að svara erindinu en ella áskilinn réttur til að krefjast viðurkenningar réttinda stefnenda eftir viðeigandi leiðum.
18. Í málinu hafa ekki komið fram gögn um frekari samskipti aðila eftir þetta eða sérstök viðbrögð af hálfu stefnda. Stefnendur höfðuðu í svo í júní 2025 þetta mál á hendur stefnda með þeim kröfum sem áður greindi.

## II. Helstu málsástæður og lagarök stefnenda

### *Óskiptur réttur stefnenda til útgáfu verksins*

19. Stefnendur byggja kröfu um viðurkenningu á óskiptum rétti stefnenda til útgáfu verksins á því að ekki liggi fyrir skriflegur samningur milli aðila um hve lengi útgáfuréttur stefnda átti að gilda né hvert umfang hans hafi verið. Í stefnu skoruðu stefnendur á stefnda að leggja fram slíkan samning væri hann til, ásamt upplýsingum um framsal útgáfuréttinda frá Senu til stefnda. Stefnendur taka annars fram að þar sem ekki liggi fyrir skriflegur samningur milli aðila sé ekki hægt að byggja á ákvæðum hans og sé því kröfugerð stefnenda að þessu leyti sem öðru að mestu reist á ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972.

20. Óumdeilt sé að Sena hafi greitt ýmsan kostnað í tengslum við útgáfuna og hafi upphaflega verið veittur útgáfurétturinn. Hins vegar sé deilt um umfang hans og inntak. Samkvæmt samkomulagi stefnenda og Senu hafi útgáfurétturinn verið veittur til fimm ára að hámarki. Byggja stefnendur á því að hann sé ekki lengur í gildi enda séu nú rúm 11 ár liðin frá fyrstu útgáfu verksins. Stefndi hafi gengið inn í réttindi og skyldur Senu, sem meintur framsalshafi réttindanna, og fái ekki ríkari rétt en Senu hafi upphaflega verið veittur. Þessi staðreynd leiði ein og sér til þess að fallast beri á viðurkenningarkröfu stefnenda, sbr. 1. mgr. 39. gr. höfundalaga nr. 73/1972.
21. Jafnvel þó ekki verði fallist á að útgáfuréttur til handa Senu, nú stefnda, af hljómplötunni hafi verið til fimm ára, liggi enginn skriflegur samningur fyrir um réttinn. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. höfundalaga hafi útgefandi, sé ekki á annan veg samið, rétt til að gefa út upplag er nemi 1.000 eintökum af tónverki. Fallast beri á kröfu stefnenda um viðurkenningu á því að þeir eigi nú óskiptan rétt til útgáfu hljómplötunnar í ljósi þess að ekki liggi annað fyrir en að samkomulag um útgáfuna hafi einungis verið til fimm ára, auk þess sem mun fleiri en 1.000 eintök hafi verið gefin út.
22. Í þessu tilliti þurfi einnig að líta til 1. mgr. 39. gr. laga nr. 73/1972, sem kveði á um að útgefandi fái einkarétt til að gefa verk út með þeim hætti og í því formi sem útgáfusamningur greinir. Samkvæmt ákvæðinu sé höfundi, sem séu stefnendur í þessu tilviki, hvorki heimilt að gefa verk út með greindum hætti né leyfa öðrum að gera það, fyrr en það upplag eða upplög, sem útgáfusamningur tekur til, séu uppseld. Af því leiði að eftir framangreint tímamark, hvort sem miðað sé við gildistíma eða seld upplög, hafi stefnendur nú óskiptan rétt til að gefa út verkið, enda sé útgáfusamningurinn liðinn undir lok.
23. Ljóst sé að útgáfuréttur stefnda sé fallinn úr gildi, annars vegar vegna tímafrests og hins vegar vegna seldra eintaka verksins. Því krefjist stefnendur viðurkenningar á því að þeir eigi nú einir óskiptan rétt til útgáfu verksins.

*Viðurkenning á rétti til skaðabóta*

24. Stefnendur kveða brot stefnda felast í því að hafa gefið út eintök af plötunni Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands án þess að útgáfuréttindi hafi verið til staðar, enda hafi útgáfuréttur stefnda, vegna sammings stefnenda og Senu, runnið út fimm árum eftir að samningurinn var gerður.

25. Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972 skuli sá sem brotið hefur gegn höfundalögum af ásetningi eða gáleysi greiða bætur vegna brotsins. Þó brot sé framið í góðri trú sé heimilt að ákveða þeim sem hefur orðið fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega. Því megi í reynd segja að bótaregla höfundalaga sé að vissu leyti hlutlæg, þ.e. þeim sem brjóti gegn ákvæðum laganna beri að greiða bætur hvort sem brotið hafi verið af ásetningi, gáleysi eða í góðri trú.
26. Í 2. mgr. ákvæðisins segi að við ákvörðun bóta skv. 1. mgr. skuli ekki eingöngu miða við beint fjárhagstjón sem höfundur hefur orðið fyrir heldur beri einnig að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hafi haft af brotinu. Því sé bæði um bætur fyrir fjárhagslegt tjón og ólögmæta auðgun að ræða.
27. Óumdeilt sé að platan hafi verið gefin út í lok árs 2013. Kröfugerð stefnenda miði við 1. janúar 2019 en nákvæm dagsetning samkomulags stefnenda og Senu, þ.e. um fimm ára útgáfurétt Senu, liggja ekki fyrir. Því sé hóflegt að miða við framangreinda dagsetningu.
28. Að mati stefnenda sé ljóst að meira en 1.000 eintök hafi selst á þeim fimm árum sem útgáfusamningur aðila hafi verið í gildi, enda hafi platan hlotið plátínuplötuna í upphafi árs 2016 og því hafi meira en 7.000 eintök verið seld á því tímamarki. Öll útgáfa og sala eftir það fimm ára tímamark þegar gildistími útgáfusamnings hafi verið liðinn undir lok hafi verið ólögmæt. Stefndi hafi því hagnast mun meira en heimilt hafi verið samkvæmt samkomulagi og ákvæðum höfundalaga, á kostnað stefnenda. Í þessu samhengi megi jafnframt líta til þess að árið 2023 hafi stefndi endurútgefið plötuna í tilefni 10 ára afmælis hennar. Í stefnu skorudu stefnendur á stefnda að leggja fram upplýsingar um fjölda útgefna og seldra eintaka af hljómplötunni Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands, sama á hvaða formi það væri, sundurliðað eftir útgáfum og árum.
29. Stefnendur rökstyðja kröfu sína um viðurkenningu á rétti sínum til skaðabóta nánar svo að stefndi sé með samning við um 50 tónlistarmenn og hljómsveitir hérlendis og hafi því mikla reynslu af útgáfu tónlistar. Honum hafi mátt vera ljóst að félagið hefði ekki rétt til ótakmarkaðrar útgáfu plötunnar án þess að sérstaklega væri um það samið og hafi verið í lófa lagið að hafa frumkvæði að gerð slíks samnings. Þá megi gera kröfu um að félag sem sé jafn stórt og umrætt félag í útgáfu tónlistar sé meðvitað um innihald höfundalaga og réttindi og skyldur samkvæmt þeim. Með því að láta hjá líða að afla samþykkis eða samnings um rétt til áframhaldandi útgáfu verksins, eftir að hámarki eintaka var náð, megi telja að stefndi hafi sýnt af sér gáleysi í ljósi stöðu sinnar sem leiðandi aðili á sviði útgáfu tónlistar hér á landi. Á grundvelli framangreinds sé þess krafist að viðurkennd

verði skylda stefnda til að greiða stefnendum, hverjum um sig, skaðabætur, sbr. 1. og 2. mgr. 56. gr. höfundalaga.

### *Miskabótakrafa*

30. Kröfu um miskabætur, til handa hvers stefnanda fyrir sig, byggja stefnendur á 3. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972. Samkvæmt ákvæðinu sé heimilt að dæma höfundi eða öðrum réttthafa bætur fyrir miska vegna brots gegn höfundalögum. Um þau brot vísist til málatilbúnaðar stefnanda að öðru leyti en að mati stefnenda er ljóst að þeir hafi, hver um sig, mátt þola að höfundaverk þeirra væri selt í fjölda eintaka án þess að hagnaður af því rynni óskertur til þeirra. Þannig felist m.a. í miska stefnenda að þeir hafi ekki haft fullan ákvörðunarrétt um notkun verksins eftir að útgáfuréttur stefnda var liðinn undir lok.
31. Eðlilegt og sanngjarnt sé að greiddar verði bætur fyrir þann miska sem stefndi hafi valdið stefnendum, sem hafi mátt þola að höfundarverk þeirra væri gefið út og selt án þeirra samþykkis. Byggja stefnendur vaxtakröfu á 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 en upphafsdag þeirra við málshöfðun, sbr. 4. mgr. 5. gr. laganna.

### **III. Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

32. Af hálfu stefnda er bent á að málatilbúnaður stefnanda sé vanreifaður og dómkröfur kunni að vera í andstöðu við meginreglu einkamálaréttarfars um skýra og ljósa kröfugerð og kunni því að leiða til frávísunar. Vísar stefndi í því samhengi einkum til d.-g.-liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á sömu atriðum enda sé erfitt fyrir hann að taka til efnislegra varna með skipulegum hætti.
33. Bendir stefndi á að fyrsta dómkrafa um að „viðurkenndur verði með dómi óskiptur réttur stefnenda til útgáfu hljómplötunnar Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands, fyrst útgefin árið 2013“ virðist takmörkuð við rétt stefnenda til útgáfu á hljómplötu en ekki á hljóð- eða myndupptökum af tónleikunum. Óljóst sé hvað felist í orðinu „hljómplata“, þ.e. hvort einungis sé átt við hljóðupptökurnar sem komu fram á umræddri hljómplötu eða einnig umbúðir plötunnar. Í stefnu skorti umfjöllun um ætlaðan rétt stefnenda til umbúða hljómplötunnar sem hljóti að byggja á öðrum grunni en ætlaður réttur þeirra til hljóðupptakanna. Þá sé dómkrafa um skaðabætur úr hendi stefnda „vegna eintakagerðar og sölu hljómplötunnar [...] vegna útgáfu og sölu eintaka af hljómplötunni eftir 1. janúar 2019“ torskilin og verði ekki tekin óbreytt upp í dómsorð líkt og jafnan sé áskilið að viðurkenningarkröfur skuli vera orðaðar í stefnu.

34. Dómkröfur um viðurkenningu á rétti til skaða- og miskabóta telur stefndi vera vanreifaðar og ekki studdar nokkrum gögnum. Óljóst sé af málatilbúnaði stefnenda hvort þeir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn krafanna í skilningi 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, enda hafi þeir ekki leitt líkur að því að þeir hafi orðið fyrir tjóni, í hverju tjónið felist og hver tengslin séu við atvik málsins. Í því samhengi sé á það bent að Skálmöld hafi athugasemdalaust mótttekið þóknanir vegna sölu stefnda á upptökum af tónleikunum í áráraðir og því hafi stefnendur í raun hagnast af ætluðum brotum stefnda á höfundarrétti þeirra.
35. Stefndi telur einnig málatilbúnaði og lýsingu stefnenda á málgrundvelli verulega áfátt og samhengi málsástæðna óljóst. Rökstuðning skorti á því á hvaða grundvelli stefnendur telji sig eiga „óskiptan (einkarétt) útgáfurétt á hljómplötunni“ en stefnendur vísi almennt til þess að rétturinn sé reistur á ákvæðum höfundalaga. Samkvæmt lögnum sé höfundi, listflytjanda og framleiðanda hljóð- og myndrita tryggður einkaréttur til eintakagerðar á þeim verkum sem þeir skapa, flytja eða framleiða, sbr. 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 46. gr. höfundalaga. Stefnendur vísi ekki til umræddra ákvæða í stefnu og því óljóst á hvaða lagagrundvelli þeir byggi ætlaðan útgáfurétt sinn. Málatilbúnaður þeirra bendi að einhverju leyti til þess að þeir byggi útgáfurétt sinn á því að þeir séu höfundar þeirra tónsmíða sem fluttar voru á tónleikunum. Í því sambandi bendi stefndi á að stefnendur hvorki sömdu né fluttu tónsmíðarnar einir heldur ásamt öðrum lagasmíðum og flytjendum. Því sé vandséð að stefnendur eigi óskiptan útgáfurétt til hljómplötunnar í heild sinni líkt og byggt sé á í stefnu.
36. Að mati stefnda er aðilaslagnir stefnenda til sóknar ekki skýrt með fullnægjandi hætti í stefnu. Fyrir liggi að sameignarfélag stefnenda, Skálmöld sf., hafi mótttekið greiðslur vegna sölu stefnda á upptökum tónleikanna í áráraðir án athugasemda. Stefndi hafi ávallt staðið í þeirri trú að sameignarfélaginu hafi verið heimilt að ráðstafa útgáfuréttindunum í samræmi við útgáfusamning þess við Senu frá árinu 2014. Engu að síður verði kröfugerð og málatilbúnaður stefnenda ekki skilin á annan veg en að stefnendur telji sig eiga óskiptan útgáfurétt á hljómplötunni. Að mati stefnda skorti nánari rökstuðning um þetta atriði í stefnu svo hægt sé að taka afstöðu til þess með fullnægjandi hætti hvort aðild sóknarmegin sé með réttum hætti.
37. Byggir stefndi á því að leiði framangreint ekki til frávísunar án kröfu, sem hljóti að koma til álita, þá beri að sýkna stefnda á grundvelli sömu atriða, þar á meðal eftir atvikum vegna aðildarskorts til sóknar, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

38. Stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnenda og byggir á því að hann hafi öðlast rétt til útgáfu hljómplötunnar frá Senu. Fyrir liggi að árið 2016 hafi stefndi keypt allan rekstur Senu sem tengdist tónlist, þar á meðal þau útgáfuréttindi sem deilt sé um í málinu. Útgáfurétturinn byggir að meginstefnu á 1. mgr. 46. gr. laga nr. 73/1972 og á samningum við aðalflytjendur hljómplötunnar, þ.e. Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Rétturinn byggir einnig á þeirri staðreynd að stefndi fjármagnaði framleiðslu og útgáfu hljómplötunnar. Sena hafi þannig eignast umbúðir hljómplötunnar gegn greiðslu á kostnaði við gerð umbúðanna, þ.m.t. hönnunarkostnaði, ljósmyndun o.fl.
39. Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. höfundalaga sé eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, óheimil án samþykkis framleiðenda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár að því er myndrit varðar en 70 ár að því er hljóðrit varðar frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu. Af gögnum máls sé ljóst að Sena var framleiðandi hljómplötunnar í skilningi ákvæðisins, en félagið hafi annast bæði framleiðslu hennar, þ.m.t. gerð umbúða og hljóðupptaka, og fjármagnað útgáfu hennar að öðru leyti.
40. Stefndi byggir á að Senu hafi verið veittur ótímabundinn útgáfuréttur á hljóðfæraleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleikunum með samningi dags. 9. desember 2013, og eignast útgáfurétt Skálmaldar til hljómplötunnar með samningi dags. 2. janúar 2014. Ekki hafi fundist undirritað eintak af samningnum en aðilar hafi fylgt ákvæðum samningsins athugasemdalaust í áráðir. Skálmöld hafi þannig fengið greiddar þóknanir vegna sölu stefnda á upptökum af tónleikunum allt frá árinu 2014 í samræmi við uppgjör sem hafi ekki sætt athugasemdum af hálfu hljómsveitarinnar.
41. Önnur atvik málsins bendi til þess að aðilar hafi samið um að stefndi skyldi eignast útgáfurétt stefnenda á upptökum tónleikanna en ekki leigt réttinn til fimm ára líkt og stefnendur haldi fram. Þegar leigusamningur (e. License Agreement) sé gerður um útgáfurétt annist listamaður jafnan framleiðslu viðkomandi upptaka og leigi upptökuréttinn til útgefanda, yfirleitt gegn fyrirframgreiðslu (e. Advance). Slíku sé ekki til að dreifa í málinu enda liggi fyrir að stefndi hafi annast framleiðslu hljómplötunnar og fjármagnað annan útgáfukostnað hljóðupptaka af tónleikunum. Stefndi sé eigandi og fari með umráð frumupptaka af tónleikunum. Þá segir á umbúðum hljómplötunnar sem var gefin út árið 2013 að Sena fari með C&P rétt (e. Copyright og Phonograph) hljómplötunnar, sem sé skýr vísbinding um að félagið hafi framleitt plötuna.

42. Fari svo ólíklega að dómurinn telji að stefndi hafi aðeins átt rétt til að gefa út upplag sem nemi 1.000 eintökum af hljómplötunni á grundvelli 1. mgr. 34. gr. laga nr. 73/1972 bendir stefndi á að selja hafi þurft mun fleiri eintök af plötunni svo hún stæði undir framleiðslukostnaði. Samkvæmt upplýsingum frá Senu hafi fyrsta upplag plötunnar numið 4.000-5.000 eintökum. Það hafi selst upp og í framhaldinu hafi Sena, og síðar stefndi, framleitt fleiri upplög af hljómplötunni og gefið út í nær 11 ár án athugasemda af hálfu stefnenda. Með vísan til þessa byggir stefndi á því til vara að hann hafi eignast útgáfurétt stefnenda á hljómplötunni fyrir hefð á grundvelli laga nr. 46/1905, þar sem stefndi hafi farið með útgáfuréttinn sem sína eign óslitið í meira en 10 ár, sbr. 2. gr. laganna. Í öllu falli séu allar kröfur stefnenda í málinu fallnar niður sökum tómlætis. Einnig er á því byggt að allur mögulegur sönnunarskortur sem kunni að vera uppi í málinu skuli skýrður stefnda í hag sökum tómlætis stefnenda.
43. Telji dómurinn, þrátt fyrir framangreint, að stefnendur fari með útgáfurétt hljómplötunnar, er á því byggt til þrautavara að stefnendur fari ekki með réttinn óskiptan heldur fari með hann sameiginlega með stefnda og, eftir atvikum, öðrum sem tóku þátt í tónleikunum. Í því sambandi vísar stefndi til þess sem áður greinir um að hann eigi útgáfurétt til hljómplötunnar á grundvelli 1. mgr. 46. gr. höfundalaga og samkvæmt samningi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Því eigi stefndi rétt til að gefa hljómplötuna út óháð mögulegum rétti stefnenda til útgáfu plötunnar.
44. Stefndi mótmælir því að sýnt hafi verið fram á að skilyrði skaðabótaskyldu stefnda séu uppfyllt í málinu. Um það atriði vísar stefndi m.a. til þess sem að ofan greinir um að Skálmöld hafi athugasemdalaust mótttekið þóknanir vegna sölu stefnda á hljóðupptökum af tónleikunum og því í raun hagnast af ætluðum brotum stefnanda á höfundarrétti þeirra.
45. Með vísan til alls sem að framan greini beri að sýkna stefnda af kröfum stefnenda í málinu.

#### **IV. Forsendur og niðurstaða**

46. Meginágreiningur aðila í málinu varðar það hvort stefnendur, þ.e. meðlimir hljómsveitarinnar Skálmaldar, verði sameiginlega taldir eiga útgáfurétt að hljómplötunni Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands, með upptökum af tónleikum hinna sömu í Hörpu 29. nóvember 2013, sem stefndi gaf fyrst út 18. desember sama ár. Stefnendur krefjast viðurkenningardóms um þetta. Einnig gera stefnendur kröfu um viðurkenningu á rétti sínum til skaðabóta úr hendi stefnda vegna eintakagerðar og sölu stefnda á

umræddri hljómplötu eftir 1. janúar 2019. Þeir miða þar við rúmlega 5 ára tímabil eftir fyrstu útgáfu plötunnar, á grundvelli þeirrar staðhæfingar sinnar að upprunalegur útgáfuréttur stefnda hafi þá í síðasta lagi verið runninn út. Auk skaðabóta telja stefnendur sig loks eiga rétt til miskabóta frá stefnda af sömu ástæðum og gera kröfu um það í málinu. Í ljósi þess að enginn skriflegur útgáfusamningur sé fyrir hendi fari um réttindi aðila og ágreining þeirra eftir ákvæðum höfundalaga, sem stefnendur byggi kröfugerð sína á, enda sé óumdeilt að þeir séu höfundar tónlistar á hljómplötunni. Meðal annars hafa stefnendur fært nánar þar fram í munnlegum málflutningi að ef deilt sé um rétt yfir höfundaverki og tilvist eða umfang framsals höfundar að því verði framsalshafi, eða sá sem telji sig hafa öðlast rétt með framsali, að sanna rétt sinn samkvæmt því og bera annars hallann af sönnunarskorti um það.

47. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda. Auk þess hefur hann fært fram röksemdir og sjónarmið um að málatilbúnaður stefnenda sé háður annmörkum að því marki að vísa beri málinu frá dómi án kröfu og að aðild þess til sóknar kunni að vera röng. Sýknukröfur stefnda eru svo að hluta til einnig byggðar á sömu atriðum.
48. Eins og málið liggur fyrir dóminum verður hér á eftir fyrst gerð stuttlega grein fyrir helstu lagareglum og sjónarmiðum sem á reynir eða taka þarf mið af við úrlausn málsins. Svo er fjallað um aðild málsins og athugasemdir stefnda þar að lútandi, enda varða þær málið í heild sinni. Því næst verður leyst úr dómkröfum stefnanda í sömu röð og þær koma fyrir í stefnu og jafnframt hugað eftir tilefni að atriðum varðandi formhlið þeirra.
49. Samkvæmt 1. gr. höfundalaga nr. 73/1992 á höfundur eignarrétt að höfundarverki sínu með þeim takmörkunum sem löggin greina. Eðli máls samkvæmt er höfundur ávallt einstaklingur en höfundaréttur getur svo færst frá þeim til annarra einstaklinga eða lögaðila með framsali eftir reglum sem um það gilda. Í höfundarétti felst m.a. samkvæmt 2. gr. sömu laga einkaréttur til að gera eintök af verkinu og gera það aðgengilegt almenningi, aftur með þeim takmörkunum sem löggin greina. Undir það fellur m.a. útgáfa verks á þann hátt sem deilt er um í þessu máli, þ.e. útgáfuréttur að tónlist höfundar á hljómplötu. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. höfundalaga felur m.a. í sér þá meginreglu að höfundur að verki teljist vera sá, þar til annað sannist, sem nafngreindur sé á eintökum þess með venjulegum hætti eða lýstur sé höfundur þegar verk sé birt. Eitt séreinkenna höfundaréttar hefur verið talið að andlag hans er ávallt óhlutbundið, sem þýði m.a. að yfirleitt sé unnt að nýta höfundaréttindi í fjárhagslegum tilgangi á mörgum stöðum samtímis án þess að þau rýni við notkun.

50. Heimilt er að framselja höfundarétt í heild eða að hluta með þeim takmörkunum sem koma fram í höfundalögum, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 4. gr. laganna. Þar á meðal getur höfundur með útgáfusamningi veitt útgefanda eða framleiðanda rétt til að framleiða eintök af verki sínu og gefa það út, sbr. 1. mgr. 33. gr. laganna. Svo útgefanda sé þetta heimilt þarf hann að öðlast slíkan rétt, þ.e. höfundarétt höfundarins að nokkru eða öllu leyti, með framsali frá höfundi á áðurnefndum grundvelli. Sá réttur sem ekki er framseldur helst í höndum höfundar.
51. Gildi framsals á höfundarétti er ekki háð formi samkomulags um það, þ.e. auk skriflegra samninga getur það byggst á óskráðum samningi eða þegjandi samkomulagi, þ.e. athugasemdalausri framkvæmd. Ef upp kemur ágreiningur um tilvist eða umfang framsals höfundaréttar er almennt viðurkennt að ganga beri út frá að framsalshafi öðlist ekki rétt til annarra afnota af höfundarverki heldur en kveðið sé á um í samningi eða talið verði felast í honum, sbr. t.d. dóm Landsréttar 12. nóvember 2021 í máli nr. 266/2020. Að meginstefnu felst í þessu annars vegar að ef vafi er um þetta skuli túlka framsal höfundaréttar þröngt og framseljanda í hag og hins vegar að sá sem sýsli með viðkomandi höfundaréttindi, yfirleitt þá framsalshafi í viðkomandi réttarsambandi, beri sönnunarbyrði um framsalið og umfang þess. Grunnregla á þessa leið, sem vísað er til sem sérgreiningarreglu höfundaréttar, hefur m.a. verið talin felast í áðurnefndri 27. gr. höfundalaga um framsal höfundaréttar og efnislega sambærileg regla í 1. mgr. 8. gr. höfundalaga, þ.e. að áðurnefnd meginregla síðastnefndrar lagagreinar og löglíkur samkvæmt henni næðu ekki einungis til þess hver yrði talinn höfundur að verki heldur einnig til þess hver færi með réttindi hans.
52. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 getur aðili sem hefur lögvarða hagsmuni af því að skorið verði úr tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands leitað viðurkenningardóms um kröfu sína og gildir þar einu þó svo fært væri í staðinn leita aðfararhæfs dóms. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur í dómaframkvæmd æðri dómstóla almennt verið skýrður á þá leið að sá sem höfði mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir því í hverju slíkt tjón hafi þá falist og hver séu tengsl þess við þau atvik sem bótaábyrgð er reist á. Skilyrði sem horfa þarf til við úrlausn um slíkar kröfur skiptast að meginstefnu í tvennt, annars vegar áðurnefnd réttarfarsskilyrði fyrir því að viðurkenningarkrafa teljist dómtæk og hins vegar efnisskilyrði fyrir því að hún verði tekin til greina.

*Aðild málsins*

53. Athugasemdum stefnda varðandi aðild að málinu hefur áður verið lýst. Stefndi reifar þær raunar einnig í tengslum við það að vísa beri málinu frá dómi án kröfu en krefst annars sýknu á sama grundvelli vegna aðildarskorts til sóknar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Í meginatriðum færir stefndi þar fram að í stað stefnenda hefði félag þeirra Skálmöld sf. verið réttur aðili að málinu. Stefnendur andmæla þessu og hafna því m.a. að félagið Skálmöld sf. fari eða hafi nokkurn tímann farið með höfundarétt að tónlist þeirra heldur hvíli hann hjá stefnendum. Félagið sé hins vegar og hafi frá stofnun þess verið notað í ýmsu sambandi varðandi rekstur hljómsveitar stefnenda, svo sem að taka á móti greiðslum og gefa út reikninga.
54. Af reglum höfundaréttar sem lög nr. 73/1972 mæla fyrir um eða endurspegla leiðir m.a. að útgáfuréttur er hluti höfundaréttar og að höfundur er alltaf einstaklingur enda þótt höfundaréttur geti svo horfið til lögaðila fyrir framsal. Af sömu reglum leiðir að þar til annað sannist beri að líta svo á að höfundaréttur hvíli hjá höfundi. Í málinu liggur ekkert fyrir um að félaginu Skálmöld sf. hafi að neinu leyti verið framseldur höfundaréttur að þeirri tónlist stefnenda eða hljómplötu sem málið varðar og andmæla stefnendur því. Engu breytir í þessu sambandi þó svo félagið Skálmöld sf. hafi tekið á móti uppgjörum og þóknunum fyrir hönd og að beiðni stefnenda, sem eru einir eigendur þess félags samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Sá háttur virðist hafa verið hafður á vegna almenns hlutverks félagsins í tengslum við rekstur hljómsveitarinnar, líkt og stefnendum er í sjálfsvald sett eins og öðrum í tengslum við slíkan eða annan rekstur. Að því er varðar skírskotun stefnda til þýðingar óundirritaðra samningsdraga milli Skálmaldar sf. og Senu ehf., dagsettra 2. janúar 2014, liggur fyrir að þau eru óundirrituð og jafngilda ekki endanlegum samningi auk þess sem þau yrðu varla talin geta staðið ein og sér sem sjálfstæð og fullnægjandi sönnun um framsal höfundaréttinda frá stefnendum til félagsins. Þau teljast því ekki hafa þýðingu í þessu sambandi.
55. Samkvæmt þessu verður hafnað athugasemdum stefnda varðandi annmarka á aðild til sóknar að málinu og þá jafnframt sýknukröfu hans á sama grundvelli.

*Viðurkenningarkrafa stefnenda um útgáfurétt hljómplötunnar Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands*

56. Til stuðnings sjónarmiðum um að dómkröfur stefnenda kunni að vera í andstöðu við meginreglu einkamálaréttarfars um skýra og ljósa kröfugerð heldur stefndi því fram að orðalag í fyrstu dómkröfu stefnenda um „hljómplötu“ sé óljóst. Það virðist takmarkast við rétt stefnenda til útgáfu á hljómplötu en ekki á hljóð- eða myndupptökum frá tónleikunum í nóvember 2013. Einnig sé óljóst hvort einungis sé átt við hljóðupptök af tónleikunum á þeirri hljómplötu eða einnig umbúðir hennar. Að mati dómsins má telja ljóst og ekki valda vafa svo þýðingu hafi að þetta orðalag í kröfu stefnenda taki til hljóðupptaka frá tónleikunum og takmarkist við þær. Augljóst er að orðalagið tekur ekki berum orðum til umbúða hljómplötunnar eða myndbandsupptaka og út frá orðalaginu einu ber að mati dómsins helst að skilja það á áðurnefndan hátt. Því til samræmis og viðbótar má hér horfa til þess að óumdeilt er í málinu að hljóðupptökurnar hafa oft verið gefnar út einar og sér á vínýlplötum á árunum sem liðið hafa frá tónleikunum, svo sem stefnendur skírskota sérstaklega til, en þar er eðli máls samkvæmt aðeins um að ræða hljóðupptök. Þá hefur af hálfu stefnenda verið lýst yfir við meðferð málsins, þ.e. í aðilaskýrslu Þráins Árna Baldvinssonar og í málflutningi af þeirra hálfu, að með þessu orðalagi sé einungis átt við hljóðupptök af tónleikunum og útgáfurétt að þeim.
57. Stefndi telur einnig að málsgrundvelli stefnenda sé áfátt og samhengi málsástæðna óljóst þar sem í stefnu skorti rökstuðning á hvaða grundvelli stefnendur telji sig eiga „óskiptan (einkarétt) útgáfurétt á hljómplötunni“ en stefnendur vísi almennt til þess að sá réttur sé reistur á ákvæðum höfundalaga. Sjónarmið stefnda um þetta, sem áður hafa verið rakin, virðast helst fela í sér að með kröfugerð og máltilbúnaði stefnenda sé litið fram hjá eða ekki tekið nægilegt tillit til réttinda annarra samkvæmt höfundalögum til hljómplötunnar, þ.e. listflytjenda á grundvelli 1. mgr. 45. gr. og framleiðanda á grundvelli 1. mgr. 46. gr. laganna.
58. Stefndi vísar þar til svonefndra grannréttinda höfundaréttar, sem varin eru af ákvæðum í V. kafla höfundalaga með yfirskriftinni „Ýmis réttindi, skyld höfundarétti“. Grannréttindi hafa verið skilgreind svo að þau séu réttindi annarra en höfundar í tengslum við höfundarvarið verk. Þau teljast skyld höfundarétti og vernd þeirra samkvæmt höfundalögum gildir samhliða honum. Stefndi hefur vísað til röksemda varðandi grannréttindi bæði vegna athugasemda sinna um formhlið málsins og til stuðnings sýknukröfu sinni og verður hér á eftir tekin afstaða til hvors tveggja jöfnum höndum.
59. Að mati dómsins fer ekki á milli mála að stefnendur byggi á því í málinu að þeir eigi útgáfurétt að hljómplötunni þar sem þeir séu höfundar tónlistar á henni og hafi flutt þá

tónlist á umræddum tónleikum undir merkjum Skálmaldar. Stefndi virðist hér annars einkum vísa til eða láta að því liggja að sjálfstæð réttindi þriggja aðila kunni að standa í vegi fyrir kröfugerð stefnanda. Í fyrsta lagi er þar um að ræða réttindi vitnisins Haraldar V. Sveinbjörnssonar, sem er titlaður meðhöfundur að einu lagi sem flutt var á tónleikunum og sinnti þar útsetningum. Um það verður að teljast leitt í ljós í málinu með vitnaskýrslu Haraldar fyrir dóminum að hann telji ekki til neinna réttinda varðandi útgáfurétt að verkinu heldur líti svo á að hann hafi þar sinnt afmörkuðu verkefni að beiðni og á vegum hljómsveitarinnar Skálmaldar án þess að útgáfuréttur skapaðist með því honum til handa. Raunar kom einnig fram í skýrslu hans að aldrei hefði komið til tals eða verið samið við hann af hálfu Senu ehf. sem framleiðanda og upphaflegs útgefanda verksins að hann ætti eða myndi öðlast útgáfurétt að því.

60. Í öðru lagi vísar stefndi hér til útgáfuréttinda Sinfóníuhljómsveitar Íslands vegna þátttöku hennar í tónleikunum og einkum þá þannig að Sena ehf., og síðar stefndi með framsali, hafi eignast gegn greiðslu og fari síðan sjálfstætt með útgáfurétt vegna flutnings sinfóníuhljómsveitarinnar á grundvelli samnings Senu ehf. og hennar 9. desember 2013. Um þetta liggur í fyrsta lagi fyrir að þar sem ekki er fyrir hendi skriflegur samningur varðandi útgáfurétt stefnanda að umræddri hljómplötu liggur um leið ekki skýrt og ótvírætt fyrir að þýðing umrædds samnings Senu ehf. við sinfóníuhljómsveitina hafi gagnvart stefnendum átt að vera sú sem stefndi virðist hér byggja á. Þá er ekki fjallað sérstaklega um þann samning eða þýðingu hans í samningsdrögum milli Skálmaldar sf. og Senu ehf. dagsettum 2. janúar 2014, svo langt sem þýðing þeirra kann annars að ná. Í ljósi sönnunarbyrði stefnda í málinu, sem gerð er nánari grein fyrir hér á eftir, mælir framangreint gegn því að þessi málsástæða hans verði tekin til greina. Því til viðbótar telst að mati dómsins einnig nær að líta svo á að í þessum samningi við sinfóníuhljómsveitina hafi í raun einkum falist að Sena ehf. keypti með eingreiðslu og fyrir fullt og allt þjónustu hljómsveitarinnar umrætt sinn sem listflytjanda og öll réttindi sem því annars tengdust. Eins og hér stendur á verði þannig að líta á þátttöku hljómsveitarinnar í þessu verkefni, í samhengi þeirra réttinda sem málið varðar og samninga og ágreinings um þau, á sama hátt og þátttöku „*session*“-listamanns við upptöku tónlistar, en á síðastnefnda hugtakinu hefur dóminum ekki tekist að finna venjubundna íslenska þýðingu. Það mun í meginatriðum standa fyrir það þegar tónlistarmaður tekur að sér, gegn gjaldi, að sinna hljóðfæraleik við upptökur á tónlist sem fyrirhugað er að gefa út á hljómplötu eða með öðrum hætti. Áréttu má þar að í þessu felst

vitaskuld engin afstaða varðandi þýðingu eða mikilvægi þátttöku sinfóníuhljómsveitarinnar í tónleikunum í almennum eða listrænum skilningi heldur einungis hvað leggja verði til grundvallar í lagalegu eða réttindalegu samhengi við úrlausn ágreiningsefna aðila í þessu dómsmáli.

61. Samkvæmt framangreindu telst annars vegar bresta sönnun fyrir málatilbúnaði stefnda að þessu leyti, sem hann verður að bera hallann á. Hins vegar telst standa nær að fallast á með stefnendum, svo sem fram kom við aðalmeðferð málsins í aðilaskýrslu og málflutningi af þeirra hálfu, að samningur við og greiðsla til sinfóníuhljómsveitarinnar hafi verið liður í samkomulagi stefnenda og Senu ehf. vegna tónleikanna og upptöku og útgáfu á þeim, þ.e. að Sena ehf. sæi um að semja við sinfóníuhljómsveitina sem listflytjanda og kaupa upp réttindi hennar vegna tónlistarflutnings en síðan endurheimta þann kostnað í kostnaðaruppgjöri aðila vegna útgáfunnar sem hluta af föstum kostnaði, nánar tiltekið upptökukostnaði. Eins og síðar er nokkru nánar rakið þykja fyrirbyggjandi gögn um það kostnaðaruppgjör styðja þann skilning.
62. Í þriðja lagi virðist stefndi hér vísa til eigin réttar sem framleiðanda umrædds geisladisks eða hljómplötu samkvæmt 1. mgr. 46. gr. höfundalaga. Stefndi virðist leggja út af orðalagi kröfugerðar stefnenda hér um að viðurkenndur verði með dómi „óskiptur réttur stefnenda til útgáfu“ umræddrar hljómplötu á þann hátt að í því felist krafa um „einkarétt“ í þeim skilningi að réttindi annarra vegna hljómplötunnar, sbr. hér einkum þá áðurnefndur réttur stefnda sem framleiðanda samkvæmt 1. mgr. 46. gr. höfundalaga, væru skert eða gerð að engu með slíkri viðurkenningu.
63. Að mati dómsins verður að skilja þetta orðalag dómkröfunnar svo eftir hljóðan hennar og í ljósi málatilbúnaðar stefnenda að öðru leyti að þeir krefjist hér óskiptra réttinda sín í milli varðandi útgáfurétt að hljómplötunni á grundvelli höfundaréttar síns að tónlistinni. Í því telst felast um leið að krafan varði þau réttindi eingöngu en ekki sjálfstæð réttindi annarra vegna verksins sem byggist á öðrum grundvelli, þ.m.t. þau grannréttindi höfundaréttar stefnenda sem felist í framleiðendarétti stefnda samkvæmt 1. mgr. 46. gr. höfundalaga.
64. Óumdeilt er einnig milli aðila að Sena ehf., sem stefndi leiðir rétt sinn frá, sá um upptöku tónleikanna og upphaflega framleiðslu og útgáfu umræddrar hljómplötu. Í því sambandi var því t.d. lýst yfir af hálfu stefnenda í munnlegum málflutningi vegna varna stefnda að þessu leyti að í málinu væri ekki verið að deila um rétt framleiðanda og að síðastnefnt ákvæði höfundalaga um hann skipti ekki máli fyrir úrlausn málsins. Að þessu gættu

verður annars vegar gengið út frá því að slík réttindi séu óháð og standi ekki í vegi fyrir efnislegri úrlausn um dómkröfu stefnenda um viðurkenningu sameiginlegs útgáfuréttar síns að hljómplötunni og hins vegar hafnað sýknuástæðu stefnda á sama grundvelli vegna þeirrar kröfu. Áréttað skal að í þessu felst um leið að með úrlausn um þessa dómkröfu stefnda er engin afstaða tekin til gildis eða þýðingar sjálfstæðra réttinda stefnda samkvæmt 1. mgr. 46. gr. höfundalaga.

65. Að framangreindu gættu varðandi formhlið málsins og að hluta til einnig efni þess verður hér á eftir lokið við að leysa efnislega úr þessari dómkröfu stefnenda og þá einkum horft til áðurnefndra lagareglna og viðmiða á sviði höfundaréttar.
66. Fyrir liggur að enginn skriflegur samningur um þann útgáfurétt sem krafa stefnenda varðar hefur fundist hjá stefnda eða verið lagður fram í málinu. Af hálfu stefnenda hefur því hins vegar verið lýst yfir, þar á meðal í aðilaskýrslu Þráins Árna Baldvinssonar og í munnlegum máflutningi, að enginn ágreiningur sé um að Sena ehf. hafi verið veittur útgáfurétturinn í upphafi og að samkomulag hafi verið um það sem gilt hafi um nokkurn tíma en sé nú runnið út. Um leið var því lýst í umræddri aðilaskýrslu að stefnendur hefðu árið 2023 farið fram á að fá frá stefnda skriflegan samning vegna hljómplötunnar, sem svo hafi ekki fundist. Af því má ráða að stefnendur hafi gengið út frá því lengst af að til væri skriflegur samningur um framsal þeirra á útgáfurétti til Senu ehf.
67. Óljóst er hins vegar hvaða tímalengd stefnendur hafi þá talið eða telji að slíkt samkomulag hefði átt að gilda. Í stefnu er haldið fram að það hafi að hámarki átt að vara í fimm ár. Engin gögn liggja þó fyrir í málinu sem stutt gætu þá staðhæfingu sérstaklega og í áðurnefndri aðilaskýrslu og munnlegum máflutningi af hálfu stefnenda komu ekki fram öruggar eða skýrar staðhæfingar því til stuðnings heldur var þar vísað til fimm eða að hámarki tíu ára tímalengdar. Þessu samhliða virðast stefnendur gera fyrirvara um að mögulega hafi alls ekki verið samið um neina tímalengd, bæði í stefnu og máflutningi. Stefnendur byggja þessu til viðbótar jafnframt á því að útgáfuréttur sem þeir veittu Senu ehf. í upphafi hafi vegna áhrifa ákvæða 1. mgr. 34. gr. höfundalaga jafnvel runnið mun fyrr út en leiða myndi af ofangreindu. Málalíbúnað stefnanda að þessu leyti verður að telja fremur óljósan. Það telst þó ekki hafa sérstaka þýðingu fyrir úrlausn um þá dómkröfu stefnenda sem hér um ræðir en verður hins vegar komið aftur að við úrlausn um bótakröfur þeirra.
68. Meginatriði sem stefnendur byggja á í málalíbúnaði sínum og hér teljast hafa þýðingu má óháð framangreindu telja skýr og ljós. Annars vegar hafna þeir því alfarið að hafa

samið um jafnlangt framsal útgáfuréttar og stefndi byggir á, þ.e. í reynd út verndartíma höfundaréttinda þeirra. Hins vegar sé að minnsta kosti ljóst, hvað sem öðru líði, að útgáfurétturinn hvíli nú hjá stefnendum samkvæmt skýrum og ótvíræðum meginreglum höfundaréttar og ákvæðum höfundalaga, þar sem í ljós hafi komið eftir síðustu útgáfu hljómplötunnar árið 2023, svo sem áður hefur verið lýst, að stefndi geti ekki fært neinar fullnægjandi sönnur á framsal stefnenda á útgáfurétti og umfangi þess.

69. Stefndi byggir á hinn bóginn einkum á því að enda þótt sammingsdrög Skálmaldar sf. og Senu ehf., dagsett 2. janúar 2014, séu óundirrituð hafi aðilar fylgt ákvæðum þeirra í áraradír athugasemdalaust. Í því virðist felast sú afstaða stefnda að um réttarsamband aðila fari að öllu leyti eftir ákvæðum þeirra sammingsdraga, þar á meðal varðandi framsal útgáfuréttar og gildistíma sammingsins. Samhengis vegna ber þá að geta þess nánar að í 2. gr. sammingsdraganna, þar sem kveðið var á um m.a. útgáfurétt, kom fram að útgefandi, þ.e. Sena ehf., ætti einn allan útgáfu- og eignarrétt á þeim hljóðupptökum sem samningurinn varðaði og að hann hefði framsalsrétt á réttindum sammingsins. Í 8. gr. sammingsdraganna, um gildistíma, sagði að gildistími sammingsins væri „sá tími sem útgáfu- og flutningsréttur þess efnis sem samningurinn [tæki] til [nyti] lögverndar samkvæmt gildandi höfundaréttarlöggjöf“.
70. Samkvæmt þeim viðmiðum og sönnunarreglum á sviði höfundaréttar sem áður var lýst ber stefndi sönnunarbyrði fyrir því að um útgáfurétt að hljómplötunni hafi farið, og beri nú að dæma, eftir viðkomandi efnisatriðum sammingsdraga milli Skálmaldar sf. og Senu ehf. frá byrjun janúar 2014. Þar er í fyrsta lagi óumdeilt að engin sönnun liggur fyrir í málinu um að skrifað hafi verið undir slíkan samning og hann þannig staðfestur formlega og skýrlega. Ekki liggur því fyrir nein skýr og bindandi yfirlýsing af hálfu stefnenda um framsal útgáfuréttar með því umfangi sem stefndi byggir á í málinu en stefnendur andmæla. Af þeirra hálfu hefur heldur ekki verið kannast við að þeir hafi sjálfir yfirhöfuð átt þátt í viðræðum um eða samningu umræddra sammingsdraga. Hefur heldur ekkert komið fram í málinu sem bent gæti til þess eða gert líklegt að svo hafi verið. Miðað við það sem á annað borð hefur komið fram um gerð sammingsdraganna, sbr. einkum skýrslu vitnisins Eiðs Arnarssonar, virðist ekki annað liggja fyrir en að ganga verði út frá því að þau hafi a.m.k. að meginstefnu til verið samin einhliða af hálfu Senu ehf.
71. Aðeins hefur komið fram af hálfu stefnenda að þeir hafi um margra ára skeið gert ráð fyrir tilvist einhvers sammings um útgáfurétt Senu ehf. og síðar stefnda vegna upprunalegu útgáfunnar í desember 2013, án þess að þeir vissu neitt nánar um gildistíma

slíks samnings. Hefur þessu ekki verið sérstaklega andmælt af hálfu stefnda eða hann leitast við að færa sönnur á hið gagnstæða. Samkvæmt framangreindu verður gegn andmælum stefnenda ekki byggt á efnisatriðum samningsdraganna varðandi umfang og gildistíma framsals stefnenda á útgáfurétti.

72. Í sömu átt stefna að mati dómsins viðtekin sjónarmið um túlkun eða skýringu samninga á þá lund sem hér um ræðir, þar á meðal sérstaklega á sviði höfundaréttar. Í lögskiptum við sérfróða aðila og fyrirtæki á sviði framleiðslu og útgáfu höfundarverka eru höfundar iðulega fremur taldir veikari aðilinn í slíku samningssambandi og talið standa þeim fyrrnefndu nær að tryggja að samningsákvæði við höfund séu skýr og ótvíræð, einkum ef þau varði mikilsverð réttindi höfundar. Að sama skapi hafa slíkir aðilar og fyrirtæki sjálfstæða og sérstaka hagsmuni sjálfir af skýrum samningum. Þá hefur verið talið að vegna náinna persónulegra tengsla höfundar við höfundarverk sé að öðru jöfnu eðlilegt og sanngjarnt að túlka vafaatriði um framsal á höfundarétti þröngt og höfundi í hag. Allt þetta verður í ljósi atvika og gagna málsins og sönnunarstöðu þess talið leggjast á sveif með því að fallast beri á þessa dómkröfu stefnenda í málinu.
73. Stefndi byggir að framangreindu frátöldu einnig á því, varðandi allar kröfur stefnenda í málinu, að sýkna beri af kröfunum á þeim grundvelli að stefndi hafi eignast útgáfurétt að hljómplötunni fyrir hefð eða annars að allar kröfur stefnenda séu fallnar niður vegna tómlætis þeirra.
74. Báðum þessum málsástæðum stefnda er hafnað. Varðandi þá fyrrnefndu verður að leggja til grundvallar að réttindi eins og þau sem málið varðar falli utan almenns gildissviðs laga um hefð nr. 46/1905, sbr. 1. gr. laganna og til nokkurrar hliðsjónar 8. gr. þeirra. Einnig er því hafnað að atvik málsins verði virt svo að stefnendur hafi sýnt af sér tómlæti á þann hátt að varðað gæti þá réttindamissi. Þar má nefna að bæði stefnendur og stefndi virðast lengst af hafa gert ráð fyrir því að samkomulag væri í gildi á milli þeirra varðandi útgáfuréttinn eða a.m.k. var ágreiningslaus framkvæmd á milli þeirra samkvæmt slíkum skilningi. Fyrir liggur svo að jafnskjótt og stefnendur komust að raun um að enginn skriflegur samningur lægi fyrir vegna útgáfuréttarins höfðust þeir að til að gæta réttinda sinna, svo sem fljótlega eftir það leiddi til þessarar málsóknar þeirra.
75. Til þrautavara telur stefndi að stefnendur fari ekki með útgáfurétt að hljómplötunni óskiptan heldur sameiginlega með stefnda og eftir atvikum öðrum sem tóku þátt í tónleikunum. Með vísan til forsendna dómsins í efnisgreinum 57-64 hér á undan varðandi m.a. grannréttindi höfundaréttar er þessari málsástæðu stefnda hafnað.

76. Stefnnda hefur samkvæmt ofangreindu ekki tekist sönnun um að hann fari nú með útgáfurétt að hljómplötunni á grundvelli framsals frá stefnendum, hvað sem öllu kann að líða um fyrri umsýslu hans með þann útgáfurétt og grundvöll hennar. Samkvæmt þeim lagareglum og viðmiðum á sviði höfundaréttar sem gilda um framsal höfundaréttar, þar á meðal útgáfurétt, verður stefndi að bera hallann af sönnunarskorti um þetta. Af sömu reglum leiðir að líta verður svo á að öðru jöfnu að útgáfurétturinn hvíli þá nú í höndum stefnenda og hefur þar jafnframt verið hafnað öðrum málsástæðum eða röksemdum stefnda gegn viðurkenningarkröfu stefnenda um útgáfurétt þeirra að hljómplötunni.
77. Samkvæmt því sem rakið hefur verið er fallist á dómkröfu stefnenda um að viðurkennt verði að þeir fari sameiginlega með rétt til útgáfu hljómplötunnar Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands, líkt og greinir í dómsorði.

*Krafa stefnenda um viðurkenningu á rétti til skaðabóta*

78. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 56. gr. höfundalaga skal sá sem hefur brotið gegn lögnum af ásetningi eða gáleysi greiða bætur vegna brotsins. Einnig segir þar að þótt brotið sé framið í góðri trú sé heimilt að ákveða þeim sem orðið hefur fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega. Í 2. mgr. greinarinnar eru nánari ákvæði um ákvörðun bóta. Áður hafa verið rakin ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 sem snerta viðurkenningarkröfur, þar á meðal vegna bótaábyrgðar.
79. Í forsendum dómsins um kröfu stefnenda um viðurkenningu á útgáfurétti hér á undan kom fram að það væri helst í samhengi við úrlausn um kröfur stefnenda varðandi bætur sem huga þyrfti nánar að atvikum og staðhæfingum aðila um atvik á þeim tíma þegar stefndi sýslaði með útgáfurétt að hljómplötunni sem málið varðar. Eins og ljóst má vera af umfjöllun hér á undan er þá átt við tímann frá árslokum 2013 þegar óumdeilt er að Senu ehf. var veittur útgáfurétturinn og fram til þess tíma kringum síðustu útgáfu stefnda á umræddri hljómplötu árið 2023, þ.e. með svonefndri afmælisútgáfu hljómplötunnar, þegar í ljós kom eftir samskipti aðila að enginn skriflegur útgáfusamningur lá fyrir um framsal á útgáfurétti til Senu ehf. og umfang þess.
80. Líkt og áður kom fram verður að telja ýmislegt óljóst við málatilbúnað stefnenda varðandi það hvort og þá hversu lengi telja eigi eða líta beri á að Senu ehf. hafi þá verið veittur umræddur útgáfuréttur eða annars farið með hann. Þau atvik standa í nánu sambandi við hugsanlega bótaábyrgð stefnda samkvæmt þessari dómkröfu stefnenda.

Vegna úrlausnar um þennan þátt málsins er tilefni til þess að taka nánari afstöðu til staðhæfinga stefnenda að því leyti.

81. Í fyrsta lagi eru þar röksemdir stefnenda um að það sem líta verður á sem óskráð samkomulag þeirra við Senu ehf., sem þeir viðurkenna að hafi komist á og verið í gildi um einhvern tíma, hafi takmarkast við fimm ára framsal útgáfuréttar, hafi yfirhöfuð verið samið um það. Sá almenni fyrirvari sem felst í síðastnefndum orðum kemur bæði fram í stefnu og var haldið fram af hálfu stefnenda í munnlegum málflutningi. Hann gerir málatilbúnað stefnenda að þessu leyti ekki skýrari. Hvað varðar fimm ára tímamarkið var áður rakið að stefnendur hafa ekki lagt fram gögn eða annars sannað þá staðhæfingu sína. Einnig kom áður fram að síðari staðhæfingar af þeirra hálfu, þ.e. í aðilaskýrslu og málflutningi, hafi ekki bætt úr því og raunar öðru nær þar sem þar hefur komið nánar fram að tímamarkið hafi verið fimm eða annars tíu ár að hámarki. Ekki eru því skilyrði til þess að leggja til grundvallar við úrlausn um þessa dómkröfu stefnenda að samið hafi verið um fimm ára útgáfurétt. Í ljósi þess liggur þá einnig fyrir að ekki yrði unnt að fallast á það tímamark frá 1. janúar 2019 sem stefnendur byggja á í þessari dómkröfu sinni. Hvað mögulega tíu ára tímallengd samnings varðar liggur heldur ekkert beint fyrir um að samkomulagið hafi verið þess efnis en til þess er einnig að líta þar að slík tímallengd myndi hvort sem er falla nokkurn veginn saman við það þegar í ljós kom kringum áðurnefnda afmælisútgáfu hljómplötunnar árið 2023 að enginn skriflegur samningur var fyrir hendi.
82. Einnig verður að hafna málsástæðu stefnenda um þýðingu ákvæða 1. mgr. 34. gr. höfundalaga hér, þ.e. að lagt verði til grundvallar hér að þar sem ekki hafi verið samið á annan veg hafi réttur til útgáfu að hljómplötunni takmarkast við 1000 eintaka upplag. Í fyrsta lagi hefur komið fram í málinu, í vitnaskýrslu Eiðs Arnarssonar, án þess að því hafi verið mótmælt sérstaklega að á útgáfudegi hafi hinn tvöfaldi geisladiskur sem Sena ehf. gaf út selst í um 4000 eintökum og upplagið orðið uppselt í heildsölu. Sena ehf. fór svo með útgáfuréttinn í framkvæmd í mörg ár eftir það, athugasemdalaust af hálfu stefnenda. Einnig má telja fram komið í málinu, m.a. með hliðsjón af aðilaskýrslu Þráins Árna Baldvinssonar og vitnaskýrslu Eiðs Arnarssonar, að framleiðsla og útgáfa Senu ehf. á geisladisknum var umfangsmikil og kostnaðarsöm og fór töluvert eða jafnvel margfalt umfram kostnað við venjulegar hljómplötur. Áðurnefnt yfirlit kostnaðar við útgáfuna endurspeglar einnig að svonefndur „break even“ áfangi er miðaður við 2.500 eintök, þ.e. sá áfangi þegar framleiðandi hefði haft upp í allan fastan kostnað vegna verkefnisins og

framleiðslu þessara 2500 eintaka. Í því sambandi er m.a. að ráða af gögnum og skýrslutökum í málinu, einkum þá umræddu kostnaðaryfirliti, samningi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og skýrslu vitnisins Eiðs, að í þessu kostnaðaryfirliti komi a.m.k. að hluta til fram raunkostnaður við tónleikana og upptöku þeirra. Má þar nefna, varðandi stóran kostnaðarlið, að kostnaður vegna sinfóníuhljómsveitarinnar er í yfirlitinu tilgreindur sama tala og í samningi Senu ehf. og sinfóníuhljómsveitarinnar 9. desember 2013. Í ljósi framangreinds og orðalags 1. mgr. 34. gr. höfundalaga verður hér talið standa stefnendum nær að færa sönnur á að regla þess ákvæðis geti átt við í málinu og jafnframt að fullnægjandi sönnun þess hafi ekki verið færð fram.

83. Við meðferð málsins hefur komið fram af hálfu stefnenda að í kringum 10 ára afmælisútgáfu hljómplötunnar árið 2023 hafi þeir farið að velta fyrir sér hvers efnis útgáfusamningur um plötuna væri varðandi gildistíma og að þeir hafi þá helst verið í vafa um hvort samið hefði verið til 5 eða 10 ára. Eins og rakið hefur verið leiddu samskipti stefnenda við stefnda af þessu tilefni svo til þess að í ljós kom, ef ekki á árinu 2023 þá í síðasta lagi á árinu 2024, að enginn skriflegur samningur fannst um þetta en nákvæmt tímamark þess liggur annars ekki fyrir og hefur ekki sérstaka þýðingu hér. Bæði stefnendum og stefnda varð þá endanlega ljóst að enginn skriflegur samningur var í gildi um útgáfurétt að hljómplötunni. Stefnendur litu svo á eftir þetta að útgáfurétturinn hlyti þar með að hvíla hjá þeim, a.m.k. eftirleiðis, og varð síðan ágreiningur með aðilum um það. Hins vegar verður einnig að telja fram komið í málinu að allt frá upphaflegri útgáfu hljómplötunnar í árslok 2013 og fram til þessa tíma hafi annars vegar stefnendur og hins vegar stefndi staðið í þeirri trú að skriflegur samningur lægi fyrir um framsal útgáfuréttar stefnenda til stefnda eða að minnsta kosti að aðilar höfðust allan þann tíma að í samræmi við og á þeim grundvelli að samkomulag þess efnis væri með þeim.
84. Samkvæmt framlögðum gögnum í málinu, þ.e. uppgjörum og yfirlitum um þóknarir til félags stefnenda Skálmaldar sf. frá Senu ehf. og síðar stefnda á tímabilinu 2014 til 2025, fengu stefnendur greiðslur frá Senu ehf. og síðar stefnda m.a. vegna umsýslu þeirra á grundvelli útgáfu og dreifingar á umræddri hljómplötu. Af hálfu stefnenda kom fram við meðferð málsins, einkum í aðilaskýrslu af þeirra hálfu, að kannast væri við þessi gögn og að engar athugasemdir væru gerðar efnislega við þau. Nefna má þar að í gögnunum er vísað með almennum hætti til samkomulags aðila svo: „Samningur: Skálmöld og Sinfó“. Einnig er eftir atvikum nánar vísað til einstakra útgáfna hljómplötunnar með viðeigandi texta og númerum, t.d. „SCD632“ fyrir tvöfalda geisladiskinn sem var

upphaflega gefinn út í desember 2013 og „Samningur: Skálmöld og Sinfó – Vínill“ með númerinu „SLP711“ fyrir síðari útgáfu á sömu hljómplötu.

85. Fyrir liggur samkvæmt framangreindu að stefnendur fengu alla tíð greiddar þóknanir vegna umsýslu stefnda með höfundarétt þeirra og er ekki byggt á því í málinu að neitt athugasvert hafi verið við slík uppgjör. Við munnlegan flutning málsins virtist af hálfu stefnenda hins vegar einkum staðhæft og byggt á því hér að líta bæri svo á að greiðslur til þeirra hefðu aðeins verið lítill hluti af tekjum vegna útgáfunnar og nánar að tjón þeirra vegna umsýslu stefnda fælist í þeim ágóðahlut útgefanda sem orðið hefði eftir hjá honum við uppgjör hverju sinni. Þetta var ekki skýrt nánar eða sérstaklega, þar á meðal ekki tölulega. Um þetta liggja heldur engin gögn eða frekari sönnun fyrir í málinu.
86. Með vísan til þess sem rakið hefur verið hér á undan verður að líta svo á að ekki sé nægilega ljóst af málalíbúnaði stefnenda hvort og þá að hvaða marki þeir hafi orðið fyrir tjóni af völdum háttsemi stefnanda. Er þá einkum vísað til forsendna dómsins hér að framan um óvísst tímamark sem upphaf hugsanlega bótaskyldrar háttsemi stefnda yrði miðað við, sem verður að telja mikilvæga forsendu eins og kröfugerð stefnenda og atvikum er háttað, og um umfang hugsanlegs tjóns stefnenda í ljósi þess að þeir fengu á öllu umræddu tímabili greiðslur frá Senu ehf. og síðar stefnda.
87. Samkvæmt þessu telst ekki fullnægt því skilyrði fyrir málshöfðun á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 að leiddar hafi verið nægar líkur að því að stefnendur hafi orðið fyrir tjóni. Verður því að vísa frá dómi án kröfu þessari dómkröfu stefnenda um viðurkenningu á rétti þeirra til skaðabóta.

#### *Krafa stefnenda um miskabætur*

88. Í 3. mgr. 56. gr. höfundalaga er heimild til þess að dæma höfundi eða öðrum réttshafa miskabætur vegna brots á lögnum. Það ákvæði tók breytingum með gildistöku breytingalaga nr. 93/2010, m.a. svo að það kveður nú á um heimild til að dæma miskabætur í stað orðalags áður um skyldu til þess. Í lögskýringargögnum með þessum breytingarlögum er rakið að reglan sé með þessu í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Miskabætur samkvæmt ákvæðinu verða því einungis dæmdar á grundvelli sakar, sbr. dóm Landsréttar 12. nóvember 2021 í máli nr. 266/2020.
89. Stefnendur gera hér hver fyrir sig beina kröfu um miskabætur á grundvelli áðurnefnds ákvæðis höfundalaga og vísa um brot gegn höfundarétti þeirra til sömu atriða og varðandi rétt þeirra til skaðabóta, auk frekari sjónarmiða svo sem áður er getið um.

90. Á grundvelli heildstæðs mats á atvikum málsins og með vísan til fyrri umfjöllunar og forsendna dómsins hér á undan telst ekki nægilega fram komið að fullnægjandi tilefni sé til að beita heimild 3. mgr. 56. gr. höfundalaga til að dæma stefnda til greiðslu miskabóta til stefnenda á grundvelli sakarábyrgðar. Nánar skal þar tekið fram að enda þótt almennt megi færa fyrir því rök að þröskuld fyrir gáleysi útgáfufyrirtækja og annarra ámóta sérfróðra aðila vegna brota á höfundarétti megi almennt ætla tiltölulega lágan og að efni séu iðulega til að láta slíka aðila bera hallann af sönnun eða skýra vafa höfundi í hag, svo sem með hliðsjón af þeim reglum og viðmiðum í höfundarétti sem rakin hafa verið, teljast atvik þessa máls á heildina litið með þeim hætti að ekki séu nægilegar forsendur fyrir að leggja sakarábyrgð á stefnda vegna málsins.
91. Má þar einkum geta þess aftur að ekki hefur annað komið fram í málinu en að stefndi hafi, allt þar til ágreiningur kom upp milli aðila í kjölfar þess að ekki fannst skriflegur samningur um útgáfuréttinn, verið í góðri trú um heimild sína til að sýsla með útgáfuréttinn og sinnt þeirri umsýslu, svo sem uppgjöri og greiðslu þóknana til stefnenda, athugasemdalaust af hálfu þeirra. Sjálfir töldu stefnendur á sama tíma að samkomulag væri í gildi um útgáfuréttinn. Þá hafa engar sérstakar upplýsingar, gögn eða rökstuðningur hafa verið færðar fram um sérstakt óhagræði eða ófjárhagslegt tjón stefnenda vegna atvika málsins og athafna stefnda, umfram það sem kalla má almenn sjónarmið um slíkt tjón. Af öðrum upplýsingum í málinu, svo sem um samvinnu stefnenda við stefnda vegna afmælisútgáfu hljómplötunnar á árinu 2023, verða heldur ekki ráðnar vísbendingar um slíkt tjón og raunar fremur öðru nær.
92. Samkvæmt framangreindu er miskabótakröfum stefnenda hafnað og verður stefndi sýknaður af þeim.

*Málskostnaður o.fl.*

93. Í ljósi atvika og niðurstöðu málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefndi dæmdur til að greiða hluta málskostnaðar stefnenda, sem telst hæfilega ákveðinn að teknu tilliti til virðisaukaskatts eins og greinir í dómsorði.
94. Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður flutti málið fyrir stefnendur en Eldjárn Árnason lögmaður fyrir stefnda.
95. Finnur Þór Vilhjálmsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Viðurkenndur er sameiginlegur réttur stefnenda, Baldurs Ragnarssonar, Gunnars Benediktssonar, Snæbjörns Ragnarssonar, Björgvins Sigurðssonar, Jóns Geirs Jóhannssonar og Þráins Árna Baldvinssonar, til útgáfu hljómplötunnar *Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands*, fyrst útgefin árið 2013.

Vísað er frá dómi kröfu stefnenda um að viðurkenndur verði réttur þeirra hvers um sig til skaðabóta úr hendi stefnda, Öldu Music ehf., vegna eintakagerðar og sölu hljómplötunnar *Skálmöld og Sinfóníuhljómsveit Íslands* fyrst útgefinnar árið 2013, vegna útgáfu og sölu eintaka af hljómplötunni eftir 1. janúar 2019.

Stefndi er sýknaður af kröfu stefnenda um að þeim verði hverjum um sig dæmdar miskabætur að fjárhæð 500.000 krónur, með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá 26. júní 2025 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum hverjum um sig 45.000 krónur í málskostnað.